



**CHER**  
Söngkona Cher er hvorki meira né minna en 58 ára í dag.

# Tekur þátt í uppbyggingu

Það er frí mér til heiðurs í til-efni dagsins og ég ætla að fara í sund og á línuskauta með fimm ára syni mínum," segir Jóhanna Kristín Malmquist, kynningarstjóri Austurlands 2004, sem er 29 ára í dag. „Ég þarf hugsanlega að eyða parti af deginum í vinnu og svo er ég búin að panta að borða góðan mat hjá mömmu í Neskaupstað.

Jóhanna hélt síðast svona alvöru veislu á 25 ára afmælisdaginn sinn, en þann sama dag varð mamma hennar stúdent. En eftirminnegasta afmælið var þegar hún varð níu ára og Ingibjörg Þórðar vinkona hennar, sem á sama afmælisdag, kom og færði

## AFMÆLI

### JÓHANNA MALMQUIST

■ Ætlar í sund og á línuskauta með syni sínum.

henni pínulítinn hrikalega krúttlegan kettling. „Hann var í Macintosh-dollu og hún var búin að skíra kettlinginn Bono í höfuðið á söngvaranum í U2. En ég þurfti að finna honum annað heimili þar sem ég var með ofnæmi fyrir köttum. Þetta var vel meint afmælisgjöf engu að síður.“

Jóhanna er nýflutt aftur austur eftir fjögurra ára dvöl í Reykja-

vík og á varla orð til að lýsa ánægju sinni með að vera komin aftur í heimahagana. „Hér er tækifærið að ala upp börn og taka þátt í uppbyggingunni. Þetta er bara æðislegt. Hér rísa hús og blokkir liggur við á hverjum degi, það má segja að þau spretti upp eins og gorkúlur. Síðan fer að spretta upp eitt risastórt hús á Reyðarfirði sem kallast álver.“ ■

### JÓHANNA MALMQUIST

Stendur í að kynna Austurland 2004, stærstu sýningu sem haldin hefur verið á Austurlandi. Allar upplýsingar um sýninguna má finna á austurland2004.is



## AFMÆLI



**Pétur Jónasson** gítarleikari er 45 ára.

**Heimir Már Pétursson** upplýsinga-  
fulltrúi er 42 ára.

**Ólafur H. Kristjánsson**, aðstoðarþjálfari  
danska fótboltaíðsins AGF, er 36 ára.

## ÞETTA GERÐIST

**2000** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og Cherie kona hans eignast fjórða barn sitt, Leo.

**1980** Peter Criss hættir sem trommari rokkhljómsveitarinnar Kiss.

**1972** Stjórnarskrá Kamerún er staðfest og landið verður þar með lýðveldi.

**1941** Þýskir hermenn ráðast á Krít.

**1926** Thomas Edison segir að Bandaríkjamenn taki þöglu myndirnar fram yfir þær töluðu.

**1902** Kúba fær sjálfstæði frá Spáni.

**1506** Kristófer Kóлумbus deyr í Órbirgð á Spáni.

## ANGLÁT

**Guðrún Ásta Torfadóttir**, Dalbraut 14, áður til heimilis í Heiðargerði 16, Reykjavík, lést sunnudaginn 16. maí.

**Gróa Finnsdóttir**, Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis á Strandgötu 85, Hafnarfirði, er látin. Útförin hefur farið fram í kyrriþey.

**Knútur Ármann** rafvirkjameistari, Breiðvangi 8, Hafnarfirði, lést mánudaginn 17. maí.

**Stefán Stefánsson**, útgerðarmaður og skipstjóri, Dalvík, lést laugardaginn 15. maí.

# Í minningu frumkvöðuls íslenskrar höggmyndalistar

Listamaðurinn Ásmundur Sveinsson fæddist á þessum degi árið 1893. Af því tilefni verður í dag opnuð yfirlitssýning á verkum hans í Ásmundarsafninu við Sigtún. „Við höfum haft það að venju að opna sýningar í kringum 20. maí til að minnast fæðingardags listamannsins," segir Ólöf K. Sigurðardóttir sýningarstjóri. „Verkin eru frá því að Ásmundur lauk námi í Svíþjóð og til síðustu verka hans.“

Maðurinn og efnið er titill sýningarinnar. „Í mörgum verkum Ásmundar er athyglisvert að skoða hvernig hugmyndin að listaverkunum og efnið sem hann velur að nota verkar á hvort annað. Sum verkin eru til í ýmsum útgáfum eftir því hvort hann hefur notast við tré, brons eða gifs við listsköpunina. Þessi verk eru frá fyrri hluta ferils Ásmundar og er athyglisvert að bera þau saman við verkin frá seinni hluta ævi hans en þá vinnur hann mikið í járn.

Ásmundur sem fæddist á Kolsstöðum í Dalasýslu var frumkvöðull í íslenskrri höggmyndalist. „Hann lærði í Stokk-hólmi hjá þekktum sænskum myndhöggvara sem hét Carls Milles. Hann var einnig þrjú ár í París og það hefur örugglega haft talsverð áhrif á Ásmund að kynna því sem var að gerast í myndlistinni þar á þessum tíma. Hann kom í raun með 20. öldina í höggmyndalist hingað heim en nýtti svo sínar íslensku rætur í verkin. Hann notaði mikið form úr íslenskri náttúru og eins sótti

## TÍMAMÓT

### ÁSMUNDUR SVEINSSON

■ Maðurinn og efnið, sýning á verkum han, verður opnuð í dag í tilefni af fæðingardegi listamannsins.

hann mikið í sagnahefðina bæði í þjóðsögur og Íslendingasögurnar.“

Íslensk alþýða var Ásmundi einnig hugleikin. „Íslenskt verkafólk að störfum eru fyrirmynd hans í ýmsum verkum. Margir

kannast við Vatnsberann í Öskjuhlíðinni og Járnsmiðinn á Snorra-braut en staðsetning verkanna um allt land er í takt við þær hugmyndir Ásmundar um að listin eigi ekki að vera fyrir fáa útvalda heldur hluti af daglegu lífi

allrar alþýðu.“

Ásmundur Sveinsson lést hinn 9. desember 1982 og ánafnaði Reykjavíkurborg verk sín og húsnæði. Maðurinn og efnið verður opnuð við Sigtún klukkan 13 í dag og eru allir velkomnir. ■



### ÁSMUNDUR SVEINSSON

Var einn af frumkvöðlum íslenskrar höggmyndalistar. Hann fæddist þann 20. maí árið 1893 og hefð hefur skapast fyrir því að minnast afmælis hans með sýningu um þetta leyti.

# Bretar verja togara sína

Þennan dag árið 1973 sendu Bretar sjóher sinn til að vernda togara sína í þorskastríðinu þar sem deilt var um útfærslu landhelgi Íslands í 50 mílur.

Þrjár freigátur, Kleópatra, Plymouth og Lincoln, sigldu meðfram bresku togurunum. Bresku sjómennirnir höfðu hótad því að

þeir færu ekki aftur til sjós án verndar sjóhersins gegn íslenskum herskipum. Bresku togarnir höfðu siglt á íslensku svæði síðan Íslendingar færðu landhelgina átta mánuðum fyrr úr þremur mílum í 50.

Ákvörðun um að senda út sjóherinn var tekin þremur dögum fyrr. Togaraeigendurnir og sjómennirnir höfðu verið ósammála um hvort þigga ætti hjálp frá hernum eður ei. Eigendur togaraanna óttuðust að nærvera sjóhersins myndi takmarka veiðarnar eins og gerst hafði í fyrra þorskastríðinu þrettán árum fyrr. ■



### KLEÓPATRA

Var eitt þeirra herskipa sem gerð voru út í þorskastríðinu.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi.

### SVEINN SVERRIR SVEINSSON,

Reynigrund 71, Kópavogi,

áður Stafholti, Vestmannaeyjum,

sem lést 13. maí sl., verður jarðsönginn frá Hjallakirkju Kópavogi föstudaginn 21. maí kl. 13.30

Sigríður R. Júlíusdóttir,

Júlíus Sveinsson


Sveinn S. Sveinsson

Ragnar Sveinsson

Birgir Sveinsson

Finnbogi Jónsson,

barnabörn og langafabörn.



Freydís Fannbergsdóttir,

Margrét J. Bragadóttir,

Gunnhildur M. Sæmundsdóttir,

Steinunn Ingibjörg Gísladóttir,

## 20. maí 1973

### BRETAR

■ sendu þrjú bresk herskip á Íslandsmið.